

| tíska | tíðarandinn | heilsa | hönnun | börn | pistlar | matur | stjörnuspa |

birta

● *hittir beint í mark*

HÖNNUN - REYNIR SÝRUSSON
» Hannar stundum inn í heilu íbúðirnar

MATUR
» Ítalskt rísottó

GUÐJÓN VALUR
SIGURÐSSON
» Yfirvegaður
afreksmaður

HUNDAFÁR Í
FJÖLSKYLDUNNI
» Bulldog hundar eru
mestu ljúflingar

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
23. júní - 29. júní

Við erum Mazda

Veldu Mazda á sóltíloboði Brimborgar

2.525



**Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur***

Sóltíloboð 2.525.000 kr.
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.



**Mazda6 Touring 2,0i
5 dyra, sjálfskiptur***

Sóltíloboð 2.575.000 kr.
Bílasamningur 35.414 kr.
Rekstrarleiga 47.100 kr.



**Mazda6 Touring 2,0i
Wagon, sjálfskiptur***

Sóltíloboð 2.625.000 kr.
Bílasamningur 36.102 kr.
Rekstrarleiga 48.700 kr.

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltíloboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á sóltíloboði Brimborgar.

Sumarið er komið í Brimborg. Vertu Mazda.

Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríið á sérstöku sóltíloboði Brimborgar. Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring, 4 dyra, sjálfskiptum og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.525.000 kr. á sérstöku sóltíloboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.730.000 kr. * Veldu annan stíl. Núna Mazda - á sérstöku sóltíloboði Brimborgar.

Það sem er umfram í Mazda6 Touring:

- 2,0 lítra vél
- 5 þrepa sjálfskipting
- Álfelgur
- Hraðastíllir

Skoðu Mazda3 og Mazda5 á sóltíloboði.



**Mazda3 Touring 1,6i
5 dyra, 5 gíra***

Sóltíloboð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 25.897 kr.
Rekstrarleiga 34.700 kr.



**Mazda3 Touring 1,6i
4 dyra, 5 gíra***

Sóltíloboð 1.920.000 kr.
Bílasamningur 26.307 kr.
Rekstrarleiga 35.200 kr.



**Mazda5 Touring 2,0i
7 manna, 5 gíra***

Sóltíloboð 2.390.000 kr.
Bílasamningur 32.748 kr.
Rekstrarleiga 43.400 kr.

sóltíloboð

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur

þúic*



sóltíloð
Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*
Sóltíloð 2.525.000 kr.
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.


Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.mazdabrimborg.is

Við erum Mazda

Komdu núna. Sóltíloð Brimborgar
gildir aðeins til 30. júní n.k.
eða meðan birgðir endast.

Sumarið
er komið
í Brimborg



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

Uppfærðu fataskápin... og bílinn



Nýr, falletgri og miklu
betri Opel.



1.890.000,- Beinskipt - 1.6 l. vél

Mánaðargreiðsla 23.061,-*



150.000 kr.
FATAÚTTEKT

GALLERI SAUTJAN • GS SKÓR • EVA • KULTÚR
KULTÚR MENN • CENTIUM • RETRO • DERES
COMPANYS • FOCUS • SMASH o.fl.

ÞESSI ER HLAÐIN AUKABÚNAÐI:

ESP skriðvörn, útvarpsfjarstýring í stýri, samlitur, loftkæling, 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstölvag margt, margt fleira.

Góðar fréttir fyrir smekkvísa ökuþóra. Nú fylgir 150.000 króna fataúttekt frá NTC með hverri seldri Opel Astra. 11 glæsilegar fataverslanir sem staðsettar eru á Laugavegi, Kringlunni og í Smáralind. Nú getur þú ekið með tilþrifum inn í sumarið á nýrri Opel Astra og frískað upp á fataskápin í leiðinni.



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

NCAP eru leiðandi í öryggis- og árekstrarþrófum í Evrópu. Opel Astra fékk hæstu mögulegu einkunn.

* Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði. Aukabúnaður á mynd: Álfelgur.



18



22

Þetta helst

- 7 Jónsmessunótt
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tróarandi
- 10 Brennsla Matta í Pöpum
- 12 Valdís Víðarsdóttir:
Listasumar á Akureyri

Greinar og viðtöl

- 14 Hundafár í fjölskyldunni
- 18 Guðjón Valur Sigurðsson:
Yfirvegaður afreksmaður
- 26 Reynir Sýrusson:
Hannar fyrir heimilið



14



12

Hann/hún

- 22 Ítalskt rísottó
- 32 Töfrar á Jónsmessunótt
- 34 Kristín Eva elur upp
- 36 Sögufrægir brúðarkjólur
- 40 Tryggvi segir kynjasögur
- 40 Stjórnuspá
- 42 Fjölskyldan á ferðalagi
- 44 Í form í sumar
- 46 Járn er lífsnauðsynlegt

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku



Eucerin®

Sensitive Skin

VICHY
LABORATOIRES

HAWAIIAN
Tropic

PIZ
BUIN.



20% afsláttur af allri sólarvörn í júní

GILDIR EINNIG UM SÓLARVÖRUR Í MERKJASNYRTIVÖRUM
LANCÔME, HELENA RUBINSTEIN, CLINIQUE, BIOTHERM, GUERLAIN, ESTÉE LAUDER

Gildir í Lyf & heilsu út júnímánuð 2006

 **Lyf & heilsa**
Við hlustum!

Jónsmessunótt

Texti: TRYGGVI GUNNARSSON Mynd: PÁLL BERGMANN

Jónsmessa er 24. júní ár hvert og aðfaranótt hennar er Jónsmessunótt. Hún er ein fjögurra töfranátta íslenskra þjóðsagna, en hinar þrjár eru jólanótt, nýársnótt og þrettándanótt. Á þessum nóttum fara ýmsar verur á stjá, góðar sem slæmar, og dýr og menn haga sér undarlega.

Á Jónsmessunótt öðlast grasið, eða öllu heldur döggin sem af því drýpur, sérstakan töframátt. Hún hefur lækningarmátt á við öflugustu seyði og hver sá sem veltir sér upp úr henni fær bót meina

sinna. Enn fremur er sá hinn sami ónæmur fyrir öllum sóttum og sýklum í heilt ár, eða fram að næstu Jónsmessu.

Það verður að teljast líklegt að þjóðsagan sé ekki sönn. Við sem viti borið og gagnrýnið fólk hljótum að hunsu slík hindurvitni. Að því sögðu hvet ég alla að láta reyna á söguna. Hverju höfum við að tapa? Finnum bara afvikinn stað, fækkum fötum og hvort sem við læknumst eða ekki, höfum við gaman af einni lengstu og björtustu nótt íslenska sumarsins.

| heitt & kalt |

Heitt

ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ í handbolta. Loksins, loksins, loksins erum við með jávla gott handboltalið.

Volgt

ÞRIGGJA DAGA SKEGG er karlmannlegt og flott. Því miður taðskeglingar.

Hvorki heitt né kalt

FÓTBOLTATREYJUR eiga vel við á vellinum. Annars staðar eru þær hallærislegar.

Við stofuhita

KRINGLAN er ekki staðurinn á heitum sumardögum.

Ískalt

TATTÚVERAÐAR AUGABRÚNIR Hverjum datt það í hug?

kaffihús » Setið úti í sólinni

Fátt er skemmtilegra en að tylla sér niður á kaffihúsi í góðu veðri. Nú þegar sólin er farin að skína lifnar yfir kaffihúsunum sem hafa fært út kvíarnar og raðað borðum og stólum út á gangstétt. Þótt rigningin hafi vissulega látið á sér kræla og ekki viðri alltaf vel til þess að sitja úti þá minna samt borðin og stólarnir á þá staðreynd að sumarið er komið. Um leið og sólin lætur sjá sig er líka næsta víst að borðin fyllast og fjör færist í bæinn.



Útilega » Með nesti í bakpoka

Að sitja á teppi úti í guðsgrænni náttúrunni. Söttra hvítvín, rauðvín, já eða bara kókömjólk. Borða samlokur með laxi og eggjum, heimatilbúnum að sjálfsögðu. Skera ost og næla sér í eitt vínber. Brjóta kex og stinga upp í sig. Halla sér aftur, loka augunum og láta fáséða sólargeisla leika um andlitið. Ahh... þvílík sæla.

Til að gera slíka upplifun fullkomna þarf góðan undirbúning og ekki síst, góðan útbúnað. Bakpoki með nauðsynlegum borðbúnaði, diskum, glösum, hnífapörum og jafnvel saltstauk, er góð fjárfesting og fæst víða í útivistar- og búnaðum. Að hafa slíkan búnað úr plasti og í bakpoka gefur marga möguleika. Til dæmis er ekkert mál að ganga með hann lengri leiðir og hægt er að hlaða í pokann þeim mat sem á að borða.

Myndin sem fylgir er af McKinley nestistösku sem hægt er að fá í Intersport. Með töskunni fylgir flísteppi en önnur hlið þess er úr næloni svo ekki þarf að óttast að grasið sitji eftir í teppinu.

Svo er bara að skella sér út úr bænum um leið og sólin fer að skína og jörðin hefur þornað.



Landsmót hestamanna » ííhaaa

Landsmót hestamanna skipar fastan sess í hugum margra. Á tveggja ára fresti safnast saman allir hestamenn sem vettlingi geta valdið og fylgjast með því besta sem í boði er í íslenskrum hestamennsku.

Landsmót hestamanna 2006 verður haldið á Vindheimamelum í Skagafirði dagana 26. júní-2. júlí. Þangað streyma þúsundir gesta, bæði Íslendingar og útlendingar, en hróður hátíðarinnar hefur borist víða og er það draumur allra þeirra sem eiga íslenskan hest í útlöndum að koma og fylgjast með gæðingnum í sínu heimalandi keppa við þá bestu.

Umgjörðin utan um Landsmót fer sífellt stækkandi enda má það sama segja um vinsældir þess. Mikil er lagt upp úr góðri aðstöðu og upplýsingastreymi til áhorfenda. Risaskjáir, stúkuseti og dagblaðautgáfa eru meðal nýjunga sem boðið hefur verið upp á.

Nú er bara að pakka saman tjaldinu, kraftgallanum og teppinu til að sitja á í brekkunni.

vorið er komið

BeYu®

[bi:ju:]

munich · ibiza · new york



+ Þú færð BeYu í verslunum Lyfju:

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Selfossi - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Stykkishólmi
Borgarnesi - Eskifirði - Egilsstöðum - Reyðarfirði - Seyðisfirði - Hornafirði - Ísafirði - Húsavík - Sauðárkróki - Blönduósi



brennslan mín ...

Erna Hrönn Ólafsdóttir söngkona

Kvöldbrennsla

Erna Hrönn Ólafsdóttir söngkona hefur í nógu að snúast þessa dagana enda er hljómsveitin hennar, Bermúda, að spila á fullu í sumar. Hún gaf sér þó tíma til þess að setjast niður og velja nokkur lög í brennsluna á met tíma. „Brennslan mín er kvöldbrennsla,“ segir Erna Hrönn. „Þetta byrjar svona á rólegu nótunum, fær mig síðan til að grúva og endar í kraftmiklu rokki.“

LAG 1 **Lately - Stevie Wonder.** Þetta lag nær til mín á einhvern óútskýranlegan hátt og ekki slæmt að byrja kvöldið á því. Þessi fallega melódía sem Stevie flytur af mikilli tilfinningu, fær mig til að brosa og syngja með.

LAG 2 **Dear Mr. President - Pink.** Ekki svo langt síðan ég heyrði þetta lag í fyrsta skipti en það náði mér strax. Flott lag með svipaðan fíling og lagið sem kemur hér á eftir. Textinn er mjög sterkur og Pink sýnir hvað hún er frábær söngkona.

LAG 3 **Wish You Were Here - Pink Floyd.** Eitt af uppáhalds-lögum mínum. Tær sníld... Þarf nokkuð að segja meira?

LAG 4 **Black - Pearl Jam.** Minnir mig á áttunda bekk í grunnskóla þegar við vinkonurnar hlustuðum á Pearl Jam í sveitinni. Gömlu, góðu dagarnir rifjast upp við eittraða rödd Eddie Vedder.

LAG 5 **Chariot - Gavin DeGraw.** Lag sem kom mér í gegnum háskólaprófin í vor. Þegar hausinn var orðinn þungur var gott að stinga heyrnar-tólunum í eyrun og hlusta á Gavin.

LAG 6 **Me and Bobby McGee - Janis Joplin.** Ef það er eitthvert lag sem verður að vera með þá er það þetta. Ég elska Janis! Ráma viskíröddin fær mig til að kíkna í hnjúnum og sérstaklega þetta lag. Flott hvernig það byggist upp og endar í rosa fíling.

LAG 7 **Crazy - Gnarl Barkley.** Ef það er eitthvert lag sem á eftir að fá mig til að hrista mig í sumar þá er það pottþétt Crazy. Spikfeit negrarödd sem dillar sér í takt við trommutakt er sumarsmellurinn minn.

LAG 8 **Sorry - Madonna.** Á þessum tímamarki brennslunnar er kominn tími til að dansa. Gamla drottningin er ennþá að og verður sífellt betri með árunum. Meiri háttar flott lag til að hrista bossann í stofunni.

LAG 9 **Deeper Underground - Jamiroquai.** Eitt af þessum lögum sem banna mér að standa kyrr. Um leið og það byrjar fer hausinn af stað og ég „kinka kalli“ allt lagið út í gegn.

LAG 10 **Coed Fever - Brain Police.** Verð að enda á smá rokki eftir afar rólega stemningu og ætla ég að leyfa Jenna stóra bróður að eiga lokaorðið. Stofugólfið nöttrar þegar ég hlusta á uppáhaldsrokkstjörnuna mína!

» birta mælir með ...

... **Z, NÝJU PLÖTUNNI MEÐ INDÍ** rokkhljómsveitinni My Morning Jacket. Þétt plata sem er hægt að gleyma sér í klukkustundum saman. Lögín sem standa upp úr eru tvímælaust Gideon og It Beats For You.



... **HÁRNÆRINGUNNI FRÁ AVEDA** í Avedabúðinni í Kringlunni er hægt að fá litaða hárnæringu sem er blönduð sérstaklega fyrir hvern og einn. Aveda leggur til grunninn en svo er hægt að velja lit eða litablöndu í næringuna sem hentar hverjum háralit. Næringin er sett í hárið eftir venjulegan þvott, látin bíða í nokkrar mínútur og svo þvegin úr. Árangurinn lætur ekki á sér standa. Liturinn á hárinu verður sterkari og dýpri auk þess sem hárið fær aukinn glans. Þetta er tilvalin leið til þess að hressa upp á hárið og mun heilbrigðari en litun eða strípur.

... KVIKMYNDINNI THE SQUID AND THE WHALE

Dásamleg tragikómísk mynd sem fjallar um tvo bræður sem þurfa að takast á við skilnað foreldra sinna, en myndin er byggð á æskuminningum leikstjóra myndarinnar, Noah Baumbach, og bróður hans. Því miður rataði myndin ekki í bióhúsin hérlendis en er nú fánleg á DVD, og ætti enginn að láta hana fram hjá sér fara. Jeff Daniels fer á kostum í hlutverki sem skilaði honum Golden Globe tilnefningu.



Tásluskór

NÝTT

Í gamla daga voru sokkar bara sokkar. Svo datt einhverjum í hug að búa til sokka sem voru sniðnir utan um hverja einustu tál, líkt og fingravettlingar. Sumir sáu strax ljósið en aðrir hafa verið efasemdar-menn, allt til dagsins í dag.

Iðnhönnuðurinn Robert Fliri stundaði siglingar í frístundum og fékk þannig hugmyndina að næsta hlekk í þróunarsögu sokksins. Honum fannst sárlega vanta fótþúnað sem félli að fætinum líkt og hanski, en væri með stömun sóla og veitti góða vernd. Þá fékk hann hugmyndina að „fimm fingra skónum“ sem lítur út fyrir að vera ávöxtur ástarþríhyrnings sokks, fingravettlings og skós.

Auk þess að vera léttur á fæti er fimm fingra skórin með létt-mynstraðan gúmmísóla sem veitir öruggt grip og viðnáð.

Hann leyfir þér að glenna tæmar eins og þig lystir og stuðlar að bætri líkamsstöðu. Og á einhvern undarlegan útivistar-/sól-arstrandar máta er hann eiginlega bara frekar flottur.

Meira um tásluskóinn á: www.vibramfivefingers.com



ÞORVALDUR DAVÍÐ

HALLA VILHJÁLMS

Footloose

Framsýnt 29. júní
í Borgarleikhúsinu

Miðsala er í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is



Á ÞAKINU



www.minnsirkus.is/footloose



Texti: ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR Myndir: HEIDA.IS

» LÍF OG FJÖR Á LISTASUMRI «

Listahátíðin Listasumar verður haldin á Akureyri í fjórtánda sinn í ár. Fjórið byrjar með Jónsmessuhátíð og í allt sumar verður mikið um að vera í listalífi bæjarins. Valdís Viðarsdóttir er framkvæmdastjóri listasumars.

HVAÐ ER LISTASUMAR?

Listasumar er listahátíð sem var fyrst haldin á Akureyri árið 1993. Hátíðin er í grunninn grasrótarhátíð og á hverju ári fáum við til okkar fjöldann allan af ungum og upprennandi listamönnum. Uppsetningin er þannig að listamenn sækja um að fá að taka þátt og síðan gerum við það sem við getum til þess að aðstoða. Við sjáum um að útvega húsnæði og auglýsingar listamönnum að kostnaðarlausu og því er þetta frábært tækifæri til þess að koma sér á framfæri. Þetta er eini viðburðurinn sem ég veit um sem er settur upp á þennan hátt og fjölmargir sækja um að vera með á hverju ári.

HVERJIR KOMA Á HÁTÍÐINA?

Listamennirnir eru fjölmargir og koma alls staðar að af landinu. Það er líka talsvert um að erlendir gestir vilji vera með og þeim er ávallt vel tekið. Þótt grasróttin í listalífinu sé mest áberandi má einnig finna þekkt nöfn inn á milli. Þeir sem mæta á viðburðina koma einnig úr ýmsum áttum. Ég veit dæmi þess að menn skipuleggi ferðir sínar til Akureyrar með það fyrir augum að ná einhverjum sérstökum viðburði og ég hef

fengið fyrirspurnir um dagskrána alveg síðan í desember.

HVAÐ VERÐUR UM AÐ VERA?

Dagskráin er afar fjölbreytt og spannar öll svið listarinnar. Fjölmargar myndlistarsýningar eru haldnar og bókmenntirnar fá sinn skerf. Tónlistin skipar líka stóran sess. Heitir fimmtudagar eru haldnir af Jassklúbbi Akureyrar í hverri viku og á föstudögum eru hádegistónleikar þar sem ýmsar tónlistarstefnur fá að njóta sín. Við reynum líka að hafa uppi á ýmsum viðburðum sem verið er að skipuleggja í kringum Akureyri og fjölmargir atburðir sem ekki eru beint skipulagðir af okkur eru samt sem áður hluti af dagskrá listahátíðar. Það má eiginlega líta á Listasumar sem hálfgerð regnhlífarsamtök og á hverju ári renna fleiri og fleiri undir hattinn. Fjölbreytnin er mikil og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Nokkrar hátíðir sem haldnar eru í bænnum í sumar eru ennig hluti af dagskrá Listasumars. Listasumar hefst með Jónsmessuhátíð og lýkur með Akureyrarvöku og svo eru ýmsar hátíðir inn á milli. Hér verður til dæmis haldin alþjóðleg menningarhátíð heyrnarlausra.

HVAÐ GERIST Á ÞESSARI JÓNSMESSUHÁTÍÐ?

Jónsmessuhátíðin er í raun upphaf Listasumars. Hátíðin verður haldin í Kjarnaskógi í kvöld og þar verður mikið um að vera fyrir alla fjölskylduna. Ófétin sem við lásu um í sögunni hennar Rúnu Tetzschner fara á stjá en undanfarið hafa börn á leikskólum bæjarins unnið í listasmíðjum með verkefni tengd ófétunum. Leikmyndin sem sett verður upp í Kjarnaskógi er til dæmis búin til af leikskólabörnum.

ER EKKI GAMAN AÐ TAKA ÞÁTT Í ÞESSU?

Jú, þetta er alveg frábært. Það er dásamlegt að sjá Listasumar verða að veruleika ár eftir ár og gaman að kynnast öllum þeim listamönnum sem hingað koma. Bærinn fyllist af lífi á sumrin og það er nóg um að vera svo að manni finnst maður næstum því vera í útlöndum. Það bætist líka stöðugt við dagskrána svo skipulagningin verður dálítið spontant. Nýir viðburðir bætast við út allt sumarið og því er um að gera að fylgjast vel með. Dagskrána má til að mynda finna á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is, og er uppfærð reglulega.



* Skv. nýjstu könnun Gallup (maí 2006)

Þrjár af hverjum fjórum lesa Birtu

Samkvæmt nýjstu könnun Gallup* lesa yfir 74% af konum á aldrinum 18 til 49 ára á Suðvesturhorninu tímaritið Birtu. Þetta þýðir að 3 af hverjum 4 konum lesa tímaritið sem auk þess hefur afgerandi forystu meðal annarra þjóðfélagshópa. Lesturinn á Birtu hefur aldrei mælst meiri.

Hvar birtist auglýsingin þín?



Mest lesna tímarit landsins

Birtu er dreift inn á 95.000 heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.



Þorbjörg og dætur hennar, Jóhanna og Unnur, eru hæstánægðar með fjölskyldumeðlimina Bubba, Bauk Berserk og Telmu.

ÓGNVEKJANDI LJÚFLINGAR

» Það ríkir sannkallað hundafár á heimili Þorbjargar Sigurðardóttur þegar dætur hennar, Unnur og Jóhanna, eru í heimsókn. Ástæðan er sú að nýlega fjölgaði allverulega í fjölskyldunni. Þorbjörg og Jóhanna eiga hunda af tegundinni enskur bulldog og Unnur á litla tík af japonske chin kyni.

Texti: SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR Myndir: E.ÓL

„Þetta er allt mömmu að kenna,“ segja dæturnar Jóhanna og Unnur þegar blaðamaður innir þær stöllur eftir því hvers vegna þetta hundafár hafi gripið um sig í fjölskyldunni. Þorbjörg brosir og svarar fyrir sig. „Míg var búin að dreyma um það í tuttugu ár að eignast bulldog og var búin að skoða nokkur got á þessum tíma en sá aldrei hund sem mér líkaði nógu vel við, enda eru fáir svona hundar til á Íslandi.“ Þorbjörg var að því komin að gefast upp en bulldog geta verið meingallaðir líkamlega og geta átt í miklum öndunarferiðuleikum og því nauðsynlegt að vanda valið. „Þá ákvað ég að fá mér smáhund í staðinn,“ segir Þorbjörg sem dreif sig til Ástu Sigurðardóttur sem stundar hundarækt í Dalsmynni. Það kom henni ánægjulega á óvart að þar skyldu vera til bulldog hvolpar. „Ég sá Bauk og þá var ekki aftur snúið og ég fór með hann heim. Þetta var ást við fyrstu sín,“ segir Þorbjörg glettin en hundurinn hennar, sem er nú orðinn níu mánaða, heitir fullu nafni Dalsmynniss Baukur Berserkur.

„Ég hef alltaf verið hrifin af bulldog líka,“ segir Jóhanna og þótti því val móðurinnar á hundi ekkert skrítið. „Við mamma höfum verið að þæla í þessari hundategund í mörg ár og alltaf fundist þetta spennandi allt frá því að maður horfði á Jake and the Fatman hér í eina tíð. Ég ætlaði svo sem ekki að fá mér einn en alltaf fundist þeir æði,“ segir Jóhanna og fylgist með hvolpinum sínum Bubba kútveltast um stofugólfíð að berjast við risastórt svínseyra. „Mamma hans Bubba er systir hans Bauks. Mamma fór að skoða hvolpana og kolféll fyrir Bubba. Hún hætti ekki að nauða í mér fyrr en ég fór sjálf að skoða,“ segir Jóhanna sem lét undan, fór að skoða hvolpinn og endaði á því að koma með hann heim sama kvöld. Unnur hefur ekki enn látið gleppast til að fá sér enskan bulldog þótt hana langi töluvert í slíkan hund. „Ég á þrjú börn og það er alveg nóg vinna enn sem komið er,“ segir hún glettin. Hún á þess í stað hina fingerðu Telmu sem er japanskur chin og er mun fyrirferðarminni.

SKÍFAN KYNNIR

ÍSLENSK ÁSTARLÖG

VINSÆLASTA PLATA LANDSINS!



CD

1.899kr.

1. Með þér – Ragnheiður Gröndal
2. Við stóran stein – Hildur Vala
3. Perlan – Sigríður Eyþórsdóttir
4. Ástin mín ein – Ellen Kristjánsdóttir
5. Sólstafir – Andrea Gyfjadóttir
6. Sólón Íslandus – Ragnheiður Gröndal
7. Tunglið mitt – Hildur Vala

8. Sameiginlegt – Sigríður Eyþórsdóttir
9. Þú ert mér allt – Ellen Kristjánsdóttir
10. Tvær stjörnur – Ragnheiður Gröndal
11. Sönn ást – Sigríður Eyþórsdóttir
12. Ólýsanleg – Hildur Vala
13. Eilíf ást – Andrea Gyfjadóttir

Íslensk ástarlög í einstöku umhverfi

ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR, HILDUR VALA, RAGNHEIÐUR GRÖNDAL,
SIGRÍÐUR EYÞÓRSDÓTTIR ÁSAMT HLJÓMSVEIT
UNDIR STJÓRN JÓNS ÓLAFSSONAR.

TÓNLEIKAR AÐ FOSSATÚNI SUNNUDAGINN 25. JÚNÍ KL. 16:00

FRÍTT INN MEÐ STUÐNINGI ORKUVEITU REYKJAVÍKUR,
MENNINGARRÁÐS VESTURLANDS OG RÁSAR 2

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI
YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM



skemmtir þér ;)

„Þeir eru mjög fjölskylduvænir en þurfa hins vegar mjög mikla athygli. Ef þeir fá ekki næga athygli verða þeir afskaplega vansælir.“



Baukur Berserkur lítur spekingslega í myndavélina. Bubbi og Telma láta sér fátt um finnast enda upptekin við leik.

„Enskur bulldog hefur mjög sterkan persónuleika og þeir eru bara allt öðruvísi en aðrir hundar,“ útskýrir Þorbjörg og bætir við að Baukur sé einstaklega stríðinn, hann bæði steli og feli hluti, sé þrjóskur og stingi af. Við þetta hlæja dæturnar og lýsa því hvernig hundurinn láti draga sig á rassinum inn í herbergi ef sá gállinn er á honum og hann vill ekki fara inn. Þá neiti hann að vakna á morgnana og fari ekki á fætur fyrr en fimm mínútum áður en hann á að fara út. „Þetta er eiginlega eins og unglundur og það er þetta sem okkur finnst skemmtilegt við þá,“ segir Þorbjörg og kímir. Hún segir að hins vegar þýði ekkert fyrir fólk að fá sér slíkan hund nema vera algerlega tilbúið fyrir það umstang sem því fylgi. „Annaðhvort nennir þú þessu eða bara alls ekki,“ segir Jóhanna ákveðið og lýsir því sem miklu þolinmæðisverki að reyna að síða Bauk til. „En svo hlær maður alltaf að honum,“ bætir hún við.

Útlit Bauks er á engan hátt venjulegt. „Hann virkar mjög ógnvekjandi og fólk getur orðið mjög hrætt við hann,“ segir Þorbjörg en tekur fram að ekki sé til blíðari hundur enda hafi hann aldrei svo mikið sem urrað. „Hann er

vinur allra hvort sem það eru dýr eða fólk,“ segir hún og vill meina að það eigi almennt við hunda af þessari tegund. „Þeir eru mjög fjölskylduvænir en þurfa hins vegar mjög mikla athygli. Ef þeir fá ekki næga athygli verða þeir afskaplega vansælir.“

Hundarnir fylgja þeim mæðgunum í vinnuna á hverjum degi. „Þeir eru hver með sitt horn og sofa mestallan daginn,“ segir Þorbjörg sem rekur ásamt dætrunum sínum heildsöluna Kleifarás í Ármúla. Þær versla með ýmsa smávöru eins og skartgrip, veski og hártægjur svo fátt eitt sé nefnt. Þær stofnuðu fyrirtækið fyrir sjö árum í bílskúrnum. „Við ætluðum að hafa það notalegt og vinna frá níu til tvö og fara svo í hesthúsið,“ lýsir Jóhanna. Raunin hefur orðið önnur og þær stöllur hafa að eigin sögn aldrei unnið jafn mikið enda hefur starfsemin undið upp á sig og tíminn fyrir hestana hefur sjaldan verið minni. Samt eiga þær upp undir tíu hesta og Baukur hefur fengið að fljóta með upp í hesthús. „Honum finnst hestarnir æðislegir en hestunum líkar ekki alveg nógu vel við hann og finnst hann svolítið spúki,“ segir Jóhanna og þær stöllur hlæja dátt.

Svo verklar þú á sama stað og málrameistarinn

Við hjá Flügger litum seljum aðeins þá vöru sem við setjum efst á lista hjá okkur sjálfum og sem gefur bestan árangur.

Flügger litir er ekki bara venjuleg verslun. Flügger framleiðir fyrir fagmennina og þú getur gengið að því vísu að fá faglega ráðgjöf frá vel upplýstu starfsfólki okkar.

Finndu næstu Flügger liti á
www.flugger.is

Flügger litir



YFIRVEGAÐUR AFREKSMÁÐUR

» Guðjón Valur er aðeins 26 ára gamall en hefur skipað sér sess meðal bestu handboltamanna þjóðarinnar. Hann býr í Gummersbach með konu sinni og tveimur dætrum þar sem hann spilar sem atvinnumaður í handknattleik. Þrátt fyrir læti á vellinum og ferðalög út um allar trissur er Guðjón Valur jarðbundinn maður sem tekur einn dag í einu og nýtur þess sem lífið hefur upp á að bjóða.

Texti: ERLA BJÖRG GUNNARSDÓTTIR Myndir: TEITUR

Daginn eftir stórleik Íslendinga gegn Svíum í Laugardalshöllinni settist Guðjón Valur niður með blaðamanni eftir stuttan svefn þar sem landsliðið fagnaði sigri fram undir morgunn. Fjölskyldan kom óvænt til landsins tveimur dögum fyrir leik og hann hlakkar til að njóta dagsins með konunni og dætrunum tveimur enda veitir aðgöngumiðinn á HM honum aukna orku þótt strangt æfingartímabil sé að baki. „Þó að ég sé þreyttur þá líður mér andlega rosalega vel. Líkamlega er ég hálf blár og marinn en sigurinn á Svíum í þessum tveimur síðustu leikjum vegur allt upp og gerir allt betra. Þetta var hörkubarátta í 120 mínútur þannig að þetta kom ekkert af sjálfu sér,“ segir Guðjón Valur en stutt dvöl hans hér á Íslandi hefur verið þökkud af æfingum og undirbúningi fyrir landsleikina tvo. Hann hlakkar því til að fara aftur í rólegheitin í Gummersbach. „Við búum í fimmtíu þúsund manna bæ sem hentar mér ótrúlega vel. Þótt ég sé alinn upp á Seltjarnarnesi þá finnst mér þægilegt að búa í smábæ. Mér líkaði til dæmis rosalega vel á Akureyri þegar ég spilaði þar með KA. Ég og konan mín erum bæði rólegheitafolk og erum mikið heima en ef okkur langar til að komast í fjörugra umhverfi þá skellum við okkur til Kölnar sem er í hálf tíma fjarlægð frá Gummersbach. Í sjónvarpsþáttum eða fjölmiðlum er stundum dregin upp sú mynd af atvinnumönnum í íþróttum að það sé alltaf rosa spennu og erill í daglega lífinu þeirra. Ég get ekki sagt


að það sé mikill æsingur á okkar heimili - við erum meira í fjölskyldupakkanum.“

LÍFIÐ Í ÞÝSKALANDI

Það er hægt að segja að handboltalífinu fylgi bæði fórnarkostnaður og happdrættisvinnungur. Margir velta því til dæmis fyrir sér hvernig það er að vera kona atvinnumanns í handbolta og þurfa að rífa upp ræturnar í hvert skipti sem skrifað er undir nýjan samning. En það hefur ekki verið mikið vandamál hjá Guðjóni Val og fjölskyldu. „Tímasetningarnar hafa verið sérstaklega góðar hjá okkur. Við höfum flust á milli staða á þeim tímupunktum þegar stelpurnar eru hvort eð er að byrja í leikskóla eða skóla. Konan mín nýtir tímann vel og er í fjarnámi frá Íslandi. Ég æfi á morgnana og á kvöldin en þess á milli njótum við fjölskyldan þess að eiga góðan tíma saman. Börnin okkar þroskast líka mikið við að búa í öðru landi, læra nýtt tungumál og víkka út sjóndeildarhringinn. Handboltamenn á Íslandi vinna allan daginn og að því loknu fara þeir á æfingu til átta á kvöldin. Þessir menn hitta börnin sín lítið sem ekkert. Auðvitað er líka einhver fórnarkostnaður. Konan mín þarf að vera ein þegar ég fer í keppnisferðalög og oft söknum við fjölskyldu og vina á Íslandi en við lítum bara jákvætt á hlutina og ég vil meina að kostirnir séu fleiri. Enda kemur maður heim til Íslands tvisvar til þrisvar á ári, fer á Seltjarnarnesið og fær vindinn í andlitið og þá er maður góður næsta hálf árið. Maður verður líka hálf firrtur af

hraðanum sem er í þjóðfélaginu en ég held að Íslendingar geri sér hreinlega ekki grein fyrir því hvað það væri hægt að hafa það gott hérna. Þetta er bara spurning um að staldra við og taka eftir því. Þannig að ég kem heim og fæ bara brot af því allra besta frá Íslandi, til dæmis af íslenskum mat sem er í hæsta gæðaflokki, og fer svo aftur til Þýskalands í rólegheitin,“ segir Guðjón Valur en hann hefur búið í fimm ár í Þýskalandi, fyrst í Essen og svo í Gummersbach.

ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ ER EINSTAKT LIÐ Róbert Gunnarsson spilar einnig í Gummersbach og svo eru íslenskir handboltamenn víðs vegar um Þýskaland á samningi. Þau hjónin upplifa því enga félagslega einangrun í þýska smábænum. „Það er eðlilega mikið samband á milli okkar Róberts. Við tökum reglulega íslensk nammi- og sukkkvöld með íslenskum pylsum, lambalæri og nammi. Það er erfiðara að hitta hina strákana reglulega þar sem allir eru að æfa á mismunandi tímum en maður veit af þeim í kringum sig. Ég hef í raun og veru bara eignast tvo góða vini fyrir utan íslensku strákana hér í Þýskalandi, þó að ég eigi að sjálfsgöðu marga kunningja. Leikmenn liðsins eru af ólíku þjóðerni og það eru ótrúlega ólíkir karakterar í þessu sporti þannig að það er ekkert gengið að því að tengjast við alla. Svo veit maður aldrei hverjir hafa bara áhuga á að kynnst manni út af handboltanum og hverjir hafa einlægán áhuga á að kynnst manni sjálfum og fjölskyldu manns. Ég



„Í sjónvarpsþáttum eða fjölmiðlum er stundum dregin upp sú mynd af atvinnumönnum í íþróttum að það sé alltaf rosa spenna og erill í daglegu lífi þeirra. Ég get ekki sagt að það sé mikill æsingur á okkar heimili.“

„Þetta er tiltölulega ungt lið og við erum allir hæfilega kærulausir og klikkaðir þannig að við náum ótrúlega vel saman. Það er náttúrulega mikill og almennur fíflaskapur inni í klefanum en það hafa allir húmor, bæði fyrir sjálfum sér og öðrum.“

á mína vini og fjölskyldu á Íslandi og hef fjölskylduna mína hérna hjá mér úti og það nægir mér alveg.“

Þótt ekki séu mikil tengsl milli manna í handboltaliði Gummersbach þá á það sama ekki við um íslenska karlalandsliðið í handbolta. „Þetta er alveg einstakt lið. Auðvitað rífumst við stundum á æfingum en þegar við erum komnir út af velliðum þá er þetta allt búið. Það eru náttúrulega miklir keppnismenn í liðinu og við höfum allir sama markmiðið - að vinna leiki - og til að ná markmiðum þurfa stundum að vera skoðanaskipti. Þetta er tiltölulega ungt lið og við erum allir hæfilega kærulausir og klikkaðir þannig að við náum ótrúlega vel saman. Það er náttúrulega mikill og almennur fíflaskapur inni í klefanum en það hafa allir húmor, bæði fyrir sjálfum sér og öðrum. Ég get í rauninni sest niður með hverjum sem er í liðinu og spjallað um lífið og tilveruna, sem mér finnst alveg einstakt. Við berum mikla virðingu hver fyrir öðrum enda eru allir jafnir og á sömu forsendum í liðinu. Það er enginn að spá í hver sé á besta samningnum - því það eru hreinlega engir peningar í spilin. Við komum hingað heim og gistum hjá foreldrum okkar, æfum eins og vitleysingar og fyllumst metnaði. Það er ótrúlegur heiður að fá að spila með íslenska landsliðinu og maður fer bara engan veginn í eitthvað stjörnuhlutverk,“ segir Guðjón Valur.

„Núna í leiknum á móti Svíum byrjaði gæsa húðin hjá mér þegar þjóðsöngurinn byrjaði og hún fór ekkert fyrir en löngu eftir leik. Að spila fyrir troðfullri höll, þó það séu ekki nema tæplega þrjú þúsund manns, þar sem allir eru syngjandi og öskrandi „áfram Ísland“ í sextíu mínútur er bara ótrúleg tilfinning. Það koma að sjálfsgöðu erfðir tímar - ég neita því ekki. Það er ekki auðvelt að spila leiki þegar illa gengur og þessir svokölluðu sérfræðingar heima eru fljótir upp



úr skotgröfunum með gagnrýni á okkur eða þjálfarann. En það eru gerðar miklar kröfur og það er gott - þá er fólk alla vega að sýna okkur áhuga. Ég heyrði það einhvern tímann að það væri fátt sem sameinaði íslensku þjóðina meira en Evróvision og íslenska karlaliðið í handbolta - enda eigum við alltaf að vinna söngvakeppnina og nú strax er byrjað að tala um titla á HM á næsta ári. En áhuganum fylgja að sjálfsgöðu kröfur og svona sigur eins og núna um helgina heldur manni gangandi þegar illa gengur. Það er fátt sem toppar þetta og þetta mun halda manni gangandi út sumarfríið,“ segir Guðjón Valur en hann hefur spilað 150 leiki fyrir Íslands hönd og finnst það alltaf jafn gefandi.

VILL HALDA ÁFRAM AÐ BÆTA SIG

Eftir sumarfríið tekur við nýtt tímabil hjá Guðjóni Val með liði sínu í Gummersbach. Þetta er annað árið hans með liðinu en hann er með samning til ársins 2009. En það er eins með handboltann og annað,

maður getur aldrei vitað hvað gerist í framtíðinni. „Ég er núna í finum klúbbi sem stefnir upp á við og ég vil endilega fá að taka þátt í því. Vonandi get ég verið þar í þónokkur ár í viðbót en maður getur aldrei verið alveg öruggur með það. Ég gæti meitt mig á morgun og þurft að hætta að spila handbolta eða liðið gæti viljað skipta mér út.“ Það er þó ólíklegt að liðið vilji skipta út Guðjóni Val þar sem hann var valinn besti leikmaður þýsku úrvalsdeildarinnar og var markahæstur á síðasta tímabili. Ef til vill er hann á hátindi ferilsins? „Ég vona ekki. Ég vona að ég geti spilað að minnsta kosti sex til sjö ár í viðbót. Það væri leiðinlegt ef maður væri búinn að læra allt sem hægt er að læra og gæti ekki toppað sig. Ég vona að ég geti bætt mig næstu árin, annars væri hálf tilgangslaus að halda áfram. Það er ákveðinn draumur hjá mér að komast einhvern tímann til Spánar og spila þar í tvö til þrjú ár. En annars tek ég bara einn dag í einu og hugsa ekki of langt fram í tímann. Tími atvinnumanns í handbolta er því miður ekki óendanlegur. Ég væri til í að sinna þessu starfi til sjötugs og fara svo á ellilau. Líftíminn er svona tíu ár og maður reynir að njóta þess sem best. Ég hef velt því fyrir mér í mörg ár hvað ég myndi vilja gera þegar ég kem heim en næ ekki að komast að niðurstöðu í þeim málum. Ég hef alltaf haft gríðarlegan áhuga á íþróttum og öllu sem tengist þeim þannig að það kæmi mér ekkert á óvart ef ég myndi mennta mig í þeim fræðum þegar eitthvað gott fjarnám stendur til boða. Annars einbeiti ég mér bara að því að njóta leiksins og að vera kominn í sumarfrí. Eina áhyggjuefnið er hvert á að fara með fjölskylduna í sumarfrí áður en næsta tímabil byrjar,“ segir Guðjón Valur að lokum og drifur sig í sundferð með fjölskyldunni sem lýkur að sjálfsgöðu með íslenskum pylsum og öllu tilheyrandi.



JOOP! JUMP

LEAP OUT OF YOUR SUIT

THE UNCONVENTIONAL NEW FRAGRANCE FOR MEN



Rísottó

AÐ GEFA SIG ALLAN Í MATARGERÐINA

Umsjón: HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR

Myndir: GUNNAR SVERRISSON

Pasta og pizzur er sá matur sem kemur fyrst upp í huga okkar þegar við hugsum um Ítalíu. Önnur fæðutegund er þó jafn órjúfanlega tengd landinu og það er rísottó. Rísottó hefur aldrei náð fötífestu hér á landi og er það sennilega vegna þess að ekki virðist einfalt að matreiða það. En með því að fylgja grunnuppskrift af rísottó má skapa ótal afbrigði af þessum yndislega rétti - það þarf bara að gefa honum tuttugu mínútur af lífi sínu, því nauðsynlegt er að standa allan tímann við pottinn og hræra í grjónunum meðan þau mýkjast. Tilfinningin við matreiðsluna er að maður gefi sig allan í hana! Rísottó stendur yfirleitt eitt og sér sem réttur í þriggja til fjögurra rétta máltíð Ítala en rísottó má hiklaust bera fram sem aðalrétt eða sem meðlæti.


RÍSOTTÓ MEÐ FERSKUM ASPAS OG GORGONZOLA-OSTI

100 g smjör
1 laukur eða rauðlaukur, skorinn smátt
1 hvítlauksrif, smátt skorið
250 g arborio-hrísgrjón, rísottógrjón
1 l kjúklingasöð
10 ferskir aspastönglar, skornir í 2 cm bita
150 g gorgonzola-ostur
75 g parmesanostur
salt og pipar

Byrjið á því að hreinsa ferskan aspasinn, skera trosnaða endann af um 2 cm og skera stönglana niður í bita. Útbúið kjúklingasöðið og hafið heitt. Setjið aspasbitana saman við soðið og látið þá mýkjast.

Bræðið smjörnið í potti á lágum hita. Mýkið laukinn og þá hvítlaukinn. Þegar mjúkt hrærið rísottógrjónin saman við og þekið með smjörinu. Hellið um einum bolla af soði yfir grjónin í pottinum án þess að hafa aspasinn með í fyrstu. Hrærið vandlega og látið sjóða. Haldið áfram að hræra þar til vökvinn er soðinn upp og hellið þá öðrum bolla af vökva saman við. Hrærið vel. Farid þá að setja aspasbitana með í soðinu í pottinn og endurtakið þar til soðið er búið. Tekur um tuttugu mínútur. Athugið að það gæti þurft meira eða minna af soði, það er um að gera að smakka grjónin og þau eiga að vera „al dente“ eins og pastað, mjúk undir tönn, ekki lin og ekki hörð.

Hrærið að þessu loknu parmesanostinum saman við grjónin og látið hann bráðna vel. Því næst myljið þið gorgonzola-ostinn saman við og látið bráðna út í grjónin. Smakkið til með salti og pipar. Þetta rísottó er frábær forréttur en einnig gott sem meðlæti með einföldu kjöti.



Cypress White Zinfandel: Lífsstílsvín á lækkuðu verði

Cypress White Zinfandel er eitt vinsælasta blush-vínið í vínbúðum enda hefur það verið lækkað í verði og mun verðlækkunin gilda í allt sumar. Ákaflega fjölhæft vín sem er gjarnan notað sem fordrykkur með salötum ýmiskonar, grilluðum fiski svo sem laxi eða kjúklingi, en einnig er það gott bara eitt og sér. Vinsælt við grillið á pallinum og sem fordrykkur í veislum, sérstaklega brúðkaupum.

Cypress White Zinfandel er ferskt og líflegt og skemmtilega laxableikt að lit. Angan af ferskum hindberjum, jarðarberjum, rífsberjum og vatnsmelónu. Í bragði gætir sætleika til að byrja með og örtiltillar kolsýru sem gerir vínið líflegt og skemmtilegt. Í eftirbragði kemur svo skemmtileg sýra sem gerir það að verkum að vínið er ekki bara gott til drykkjar eitt og sér heldur fer ljómandi vel með mat.

Þetta vín er svokallað lífsstílsvín og er afrakstur feðganna Philip og Daniel Shaw í samvinnu við vingerðarmanninn Jeff Meier hjá vínhúsinu kunna J. Lohr. Philip Shaw var yfirvingerðarmaður hjá ástralska vínfyrirtækinu Rosemount um árabíl og er talinn einn aðalmaðurinn á bakvið velgengni Rosemount-vínanna.

Lækkað verð í vínbúðum kr. 890



RÍSOTTÓ MEÐ TÓMÖTUM, MOSARELLA OG KJÚKLINGI

100 g smjör
1 laukur eða rauðlaukur, skorinn smátt
1 hvítlauksrif, smátt skorið
250 g arborio-hrísgjón, rísottógrjón
½ bolli hvítvín
1 l kjúklingasóð
1 dós góðir niðursoðnir tómatar
hnefi fersk basilíka, rifin niður
20 kirsuberjatómatar, skornir í tvennt
2 msk. balsamik-edik
75 g parmesanostur
salt og pipar
4 kjúklingabringur, skornar í strimla
2 pokar litlar mosarellakúlur

Byrjið á því að steikja kjúklinginn og haldið honum heitum. Smakkið hann til að vild með salti og pipar. Skerið tomatana niður, kreistið aðeins úr þeim kjötið og setjið í skál. Hellið balsamik-ediki yfir og saltið aðeins og piprið. Rifið smá hluta af basilíkunni saman við. Útbúið kjúklingasóðið og hafið heitt. Bræðið smjörið í potti á lágum hita. Mýkið laukinn og þá hvítlaukinn. Þegar mjúkt hrærið rísottógrjónin saman við og þekið með smjörunu. Hellið hvítvíninu yfir grjónin og látið sjóða upp. Hellið þá einum bolla af soði yfir grjónin í pottinum. Hrærið vandlega og látið sjóða. Haldið áfram að hræra þar til vökvinn er soðinn upp og hellið þá öðrum bolla af vökva saman við. Hrærið vel. Endurtakið þar til soðið er búið. Tekur um tuttugu mín. Athugið að það gæti þurft meira eða minna af soði, það er um að gera að smakka grjónin og þau eiga að vera „al dente“ eins og pastað, mjúk undir tönn, ekki lin og ekki hörð. Hrærið niðursoðnu tomatana og basilíkuna saman við rísottóið. Bætið þá parmesanostinum út í og látið hann bráðna vel. Látið helminginn af fersku tómtötunum saman við grjónin og hrærið. Gott að setja nokkrar kúlur af mosarella og láta mýkjast út í grjónunum. Smakkið til með salti og pipar. Setjið á disk með kjúklingastrimlunum, fersku tómtötunum og mosarellakúlum sem gott er að rífa aðeins niður. Þetta rísottó er matarmikið og hugsað sem aðalréttur.



Lambakjöt

ELDAMENNSKAN ER LAMB AÐ LEIKA VIÐ



Grill Kebab

600 g fituhreinsað lambakjöt,
t.d. bógur eða lærisneiðar,
skorið í u.þ.b. 2-3 cm bita.
1/2 dl ólífuolía
safi úr einni sítrónu

1 msk. salvía, smátt söxuð
1/2 msk. óreganó (ferskt), saxað
Hoi Sin sósa (kínversk grillsósa,
fæst í flestum búðum
3 msk. sesamfræ

Setjið kjötið í skál ásamt ólífuolíu, sítrónusafa,
salvíu og óreganó og látið standa í u.þ.b. 3 klst.

Raðið kjötinu á pinna, penslið með Hoi Sin
sósu og stráið sesamfræjum yfir pinnana.
Grillið í u.þ.b. 8-12 mín. og snúið nokkru sinnum
á meðan. Borið fram með t.d. kús-kús og salati.

www.lambakjot.is

ALLIR ELSKA LAMBAKJÖT, MAÐUR



» Reynir Sýrusson hönnuður rekur fyrirtækið Syrusson sem sérhæfir sig í hönnun á húsgögnum, innréttingum og ýmsu öðru fyrir heimili og fyrirtæki.

Hannar oft inn í heilu íbúðirnar



Viðtal: EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR
Myndir: HRÖNN AXELSDÓTTIR

Reynir segir að upphaflega hafi hönnunin aðeins verið áhugamál hjá honum. „Ég er eiginlega alinn upp inni á verkstæði því pabbi var járnsmiður og var með verkstæði þar sem verið var að smíða alls kyns hluti. Ég hafði því aðgang að alls konar tækjum og tólum og var alltaf að fönðra hitt og þetta. Þegar ég var svona níttján, tuttugu ára fékk ég mikla þörf fyrir að fara að smíða hluti eftir hugmyndum sem ég fékk í kollinn. Ég kunní hins vegar ekkert að teikna og gat ekki komið hugmyndunum frá mér á blaði þó að ég gæti smíðað út frá þeim.“ Eftir stúdentspróf fór Reynir því í Myndlistarskóla Reykjavíkur til þess að bæta teiknikunnáttuna. „Ég fór svo í Iðnskólann á tækniteknunarnámskeið og var heilmikið að stússast í þessu ásamt því að vera að smíða ýmsa hluti. Árið 1996 fór ég til Danmerkur og ætlaði að fara í arkitektaskóla sem ég hafði fengið inni í en hætti við af því að ég hafði meiri áhuga á húsgögnum. Ég fór því í aðra skóla þar sem ég var eingöngu að vinna með húsgögn. Á þessum tíma var ég líka á fullu að búa til einhverja hluti, koma mér í sambönd við verksmiðjur og taka þátt í sýningum.“ Árið 2000 kom Reynir heim frá Danmörku og stofnaði sitt eigið fyrirtæki. „Ég hef verið að byggja fyrirtækið mjög hratt upp síðan og er kominn í gríðarlega góð sambönd við framleiðslufyrirtæki. Ég er í samvinnu



Nýhannað sjónvarpsborð.



Nýhannaður sjónvarpskenkur.



Nýhannaður barskápur.

við ein sex framleiðslufyrirtæki á Íslandi sem eru ein þau bestu hvert á sínu sviði. Einn hlutur getur nefnilega þurft að fara á milli þriggja ólíkra framleiðslufyrirtækja áður en hann er tilbúinn. Árið 2003 opnaði ég heimasíðuna syrusson.is þar sem sjá má eitthvað af því sem ég hef verið að gera en ég er líka mjög mikið í alls konar sérverkefnum fyrir viðskiptavinum mína.“ Reynir segir að viðskiptavinirnir skipti hann

miklu máli og að þeir fái svoltið að ráða ferðinni með honum. „Sumt af því sem ég hanna er lagervara en ég er alltaf með valmöguleika svo það er hægt að fá hlutina í fjórum til fimm mismunandi viðartegundum og velja um áklæði á sófa og stóla. Ég er að hanna fyrir viðskiptavinina og vil að hlutirnir passi akkurat fyrir þá og vil hafa svoltið persónulegt samband við fólk og fyrirtækin sem ég hanna fyrir. Ég er líka

TRIVENTO:


Framúrskarandi argentínsk vín nú komin í kassa

Tri-vento þýðir “þrjú vindar” og er kennt við þá vinda sem hafa gert vinnrækt mögulega: Polar-vindinn, sem eins og nafnið bendir til, blæs kaldur um vínekrurnar á veturna, Zonda sem kemur að vestan frá Andes-fjöllum með hlýjuna á vorinu og Sudestada að austan kælir svæðið í sumarhitnum og ber raka með sér. Þessir vindar gera vinnrækt eins arðbæra og

raun ber vitni, og Trivento hefur svo sannarlega komið með ferska vinda í vínheiminn.

Trivento, staðsett í Mendoza-héraði, er einn helsti útflytjandi vína Argentínu undir eigin nafni og eitt vinsælasta argentínska vínið hérlandis. Vínekrurnar eru orðnar 565 hektarar og þrúgunar eru þær sem hafa reynst best í Argentínu, fyrir utan alþjóðlegu þrúgunar

(cabernet sauvignon, merlot, shiraz, chardonnay) sem þrífast mjög vel á Mendoza-svæðinu. Þar eru í sviðsljósinu malbec, bonarda, torrontes, chenin, vognier, sangiovese og fleiri. Fjölbreytnin eins mikil og hægt er að hugsa sér og víngerðin hjá Trivento nær því besta úr þrúgunum. Hér á landi fást fjölmörg vín frá Trivento bæði í flöskum og í kössum.



Trivento Reserva Cabernet Malbec hefur verið geysilega vinsælt og er skýringin sennilega sú að vínið er með bestu kaupunum í Vínbúðum þegar gæði og verð eru skoðuð. Afar fjölbreytt vín sem sómir sér vel með einföldum ostabakka sem og með betri kjötmáltíð.

Verð í Vínbúðum 1.190 kr.

Trivento Chardonnay Chenin er mjög aðlaðandi með afar góðu eftirbragði. Ljósítrónugult, þurr, ferskt og milt vín með suðrænan ávöxt þar sem greina má sítrus, blóma- og hnetutóna.

Verð í Vínbúðum 3.190 kr.

Trivento Shiraz Malbec er óvenjuleg blanda en hefur bestu einkenni frá þessum tveimur gæðaþrúgunum. Kirsuberjarautt, með góða fylling, þurr og mjúkt með sætkenndum krydduðum berja-, lyng-, og jarðarberjakeim. Fágað vín af bestu gerð og á mjög góðu verði.

Verð í Vínbúðum 3.190 kr.



„Ég er að hanna fyrir viðskiptavinina og vil að hlutirnir passi akkúrat fyrir þá og vil hafa svolítið persónulegt samband við fólkið og fyrirtækin sem ég hanna fyrir.“

stöðugt að hanna eitthvað sérstaklega fyrir fólk. Stundum kaupir fólk kannski af mér sófaborð og vill svo fá skenk undir sjónvarpið í stíl. Þá mæti ég bara og teikna fyrir það og svona spinnst kannski lína inn í heilu íbúðirnar út frá einum hlut. Þetta finnst mér mjög spennandi og oft tek ég ekkert fyrir hönnunina heldur borgar fólk bara fyrir hlutina.“

Reynir telur að reynslan sem hann fékk á verkstæðinu hjá pabba sínum hafi nýst honum vel í því sem hann er að gera í dag. „Það gefur náttúrulega gríðarlega mikla reynslu að hafa verið að fíkta við að smíða svona lengi því að þetta gengur allt út á að hlutirnir séu praktískir og framleiðsluvænir samhliða því að vera fallegir. Stundum fær maður einhverjar brjálæðislegar hugmyndir en svo kostar bara fleiri hundruð þúsund krónur að búa þær til og enginn er tilbúinn að kaupa þær þó að allir hrífist af þeim. Auðvitað er gaman að koma með eitt og eitt þannig stykki og ég legg mikið upp úr útliti en varan þarf að vera framleiðsluvæn í alla staði og henta íslenskum verksmiðjum. Ég þekki inn á þær og veit hvað þær geta og hvað ekki og þetta er allt eitt stórt samspil.“

Reynir rekur fyrirtækið einn og enn sem komið er vinnur hann allar hugmyndirnar á vinnustofu sem hann er með heima hjá sér. „Þó að ég sé þannig lagað séð einn er ég í góðri samvinnu við margra og ég er til dæmis í mjög góðu samstarfi við grafískan hönnuð sem er mér oft innan handar þegar mikið er í gangi. Í framtíðinni stefni ég á að koma mér upp svona stúdíói þar sem fólk getur labbað inn og séð hvað ég er að gera því ég er kominn með ofsalega stóra línu.“ Nóg er að gera hjá Reyni og hann er alltaf að koma fram með einhverjar nýjungar. „Núna er ég með fjóra nýja hluti sem búið að framleiða en eru ekki komnir inn á heimasíðuna hjá mér og svo er ég að klára tvo nýja stóla sem eru svolítið spes og þeir verða tilbúnir seinna á þessu ári.“



Tölvuborð og stóll á skrifstofu Bandalags háskólanna.



Innrétting á kaffistofu Bhm.



Emira sófi og Wing borð á skrifstofu Bhm.



Emira stólar á skrifstofu Bhm.



Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi
heimilisins.

Fagleg ráðgjöf og glæsilegur
sýningarsalur.



Óteljandi möguleikar

Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is



Kynning



MONA
Kr. 58.000



NEXT
Kr. 7.390



NEXT
Kr. 7.490 - til í svörtu
og hvítu



NEXT
Kr. 7.390



NEXT
Kr. 8.590



Friis & Company
Kr. 6.690



Friis & Company
Taska Kr. 5.490
Hanskar Kr. 2.990
Budda Kr. 1.990





Benetton / Sisley
Kr. 14.990 - til í svörtu/hermannagrænu



KISS
Kr. 3.490 - til í mörgum litum
flottur í bakið



Friis & Company
Kr. 5.490



KISS
Kr. 2.990 - til í mörgum litum



Friis & Company
Budda Kr. 2.990
Perlufesti Kr. 1.990
Armband



Friis & Company
Kr. 5.490



Friis & Company
Kr. 3.990

Töfrar á Jónsmessunótt

Jónsmessunótt er helguð Jóhannesi skýrara. Dagsetningin var ákvörðuð af Rómarkirkju sem ákvað að fagna bæri fæðingu Krists og Jóhannesar á stysta og lengsta degi ársins á norðurhveli jarðar. Rómverjar áttuðu sig hins vegar ekki á að stjarnfræðilegar sólstöður höfðu breyst frá því að júlíanska tímatalið var tekið upp, fyrstu öld fyrir Krists burð. Það skeikar því þremur dögum á Jónsmessu og sumarsólstöðum.

Jónsmessa hefur aldrei náð fótfestu sem stórhátíð hér á landi. Erlendis hætti hún á miðöldum að vera sú trúarlega gleðihátíð sem kirkjan ætlaði henni að vera. Gleði, glaumur, svall og svínari tóku völdin. Líkast til hafa gamlar trúarathafnir tengdar sólstöðum spilað þar stórt hlutverk en hvað sem því líður var kirkjunnar mönnum meinilla við þessa hegðun.

Jónsmessunótt er ein af fjórum töfranóttum í íslenskrri þjóðtrú. Hinar eru jólanótt, nýársnótt og þrettándanótt og er fjöldi þjóðsagna tengdur þeim. Hérna eru nokkrar tengdar Jónsmessu.

Texti: TRYGGVI GUNNARSSON

Heimildir: SAGA DAGANNA EFTIR ÁRNA BJÖRNSSON & VÍSINDAVEFUR HÍ

DÝRIN TALA

Flestir vita að eina nótt á ári geta dýrin talað. Hins vegar ber mönnum ekki saman um hvaða nótt það er. Töfranæturnar fjórar koma allar sterklega til greina og getur því vel verið að í fjárhúsum og fjósum eigi sér stað hrókasamræður á Jónsmessunótt. Það er víst að láta þau ein um samræðurnar því tvennum sögum fer af góðvild dýranna í garð þeirra sem hlera.



NÁTTÚRUSTEINAR

Náttúrusteinar skjóta víða upp kollinum og ekki bara í þjóðsögum því að í Grágás er lagt blátt bann við notkun þeirra gegn öðrum. Á Jónsmessunótt fara þessir steinar á stjá. Sumir þeirra fljóta upp á yfirborð tjarna þar sem þeir dansa og skemmta sér. Það á ekki við um kröftugustu náttúrusteinana, lífsteina. Sagan segir að þeir komi niður til jarðar með eldingum og að á Jónsmessunótt komi þeir allir saman og dansi á stað sem Skruggu hefur lostið niður. Lífsteinar búa yfir nægum krafti til að vekja upp þá dauðu eða lækna þá dauðvona. Einnig er sagt að hús sem hýsir lífstein geti ekki brunnið.

DRAUMUR Á JÓNSMESSUNÓTT

Týnir þú sjö blóm og látir þau undir koddann mun þig dreyma maka þinn á Jónsmessunótt. Óljóst er hvort þessi galdur á við bæði kynin og sumir vilja hoppa yfir sjö girðingar á Jónsmessu sjálfri til að tryggja árangur.

JURTASEIÐI

Þegar nóttin er löng og sumarið í algleymi er kraftur allra jurta í hámarki. Jónsmessunótt er því besti tíminn til að tyna jurtir sem nota á í seyði.



ALLRA MEINA BÓT

Öll þekkjum við söguna um dögginu á Jónsmessunótt. Sá sem veltir sér upp úr henni lækna af öllum meinum og er ónæmur fyrir sjúkdómum næsta árið.





